

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2025

Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 18,5 mkr. á árinu 2025. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði er áætluð jákvæð um 64,4 mkr.

Tekjur:

Heildartekjur heimilisins eru áætlaðar 1.760,9 mkr. og aukast um 106,5 mkr. milli ára frá fjárhagsáætlun 2024. Þjónustudaggjöld eru áætluð 1.621,1 mkr. og hækka milli ára um 71 mkr. eða um 4,6%.

Breyting á einingaverði þjónustudagjalda milli ára er byggt á verðlags- og launaforsendum ríkisins sem fram koma í fjárlagafrumvarpi 2025. Það er meiri óvissa en áður með launaforsendum þar sem ekki liggur ennþá fyrir endanlegt þjónustudaggjald fyrir árið 2024, þar sem ríkið er ekki búið að semja við öll stéttarfélag starfsmanna ríkisins. Komin er bráðabirgðahækkun á þjónustudaggjöld upp á 3,6% vegna launahækkana en gert er ráð fyrir að hækkun ársins nemi 4,21%. Áætla er að eftir sé 1,21% hækkun á einingaverði dagjalda 2024. Tekið er tillit til ofangreinds við ákvörðun um áætluð daggjöld 2025.

Gert er ráð fyrir að þjónustudaggjöld vegna dagdvalar hækki um 4 % milli ára.

Gjöld:

Varðandi gjaldahlið fjárhagsáætlunar, þá er byggt á verðlagsforsendum ríkisins sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu, auk þess sem tekið er tillit til breytinga á rekstri heimilisins varðandi áætlun á einstaka gjaldalykla.

Laun og launatengd gjöld nema 1.393,9 mkr. og hækka um 58 mkr. eða um 4,3% frá fjárhagsáætlun 2024. Laun og launatengd gjöld eru áætluð út frá launaáætlun Höfða þar sem brotið er niður á hverja deild fyrir sig. Þar sem ekki liggja fyrir nýir kjarasamningar við öll stéttarfélag starfsmanna Höfða er launabreyting milli ára áætluð út frá launaforsendum ríkisins sem fram koma í fjárlagafrumvarpi 2025 en þar er gert ráð fyrir 4% breytingu milli ára.

Undir árslok 2023 tilkynnti stjórn Brúar lífeyrissjóðs um að tryggingaleg staða A deildar Brúar væri neikvæð og frá og með ársbyrjun 2024 myndi sjóðurinn innheimta 10% af greiddum lífeyri vegna þess hóps sem var 60 ára og eldri þann 31.5.2017 og var á lífeyri á þeim tímapunkti. Í fjárhagsáætlun 2025 er áætlað fyrir þessu tæplega 2 mkr.

Annar rekstrarkostnaður nemur 267,8 mkr. og hækkar um 29,3 mkr. eða um 12,3%.

Gert er ráð fyrir 15 mkr. framlagi til almenns viðhalds á húsnæði Höfða í fjárhagsáætlun 2025 og er það hækkun um 5 mkr. milli ára.

Afskriftir fastafjármuna nemur 32,8 mkr. og hækkar um 1,1% milli ára.

Fjármagnsliðir:

Fjármagnsliðir nema nettó 45,9 mkr. og lækka um 600 þús frá fjárhagsáætlun 2024.

Sjóðstreymi:

Samkvæmt sjóðstreymi fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri nemi 85,1 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar nema 107,4 mkr. og er þar um að ræða afborganir af langtímalánum heimilisins upp á 49,5 mkr. Ný lántaka upp á 490 mkr. vegna framkvæmda og nettó breytinga á skammtímaskuldum vegna framkvæmda að fjárhæð 330 mkr.

Gert er ráð fyrir að handbært fé hækki um 104,9 mkr. og að handbært fé í árslok 2025 nemi 297,2 mkr.

Akranesi, 25. október 2024

Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri